

Námsgrein: Náttúrugreinar

8. bekkur

Kennari: Berglind og Hrannar Rafn

Tímafjöldi á viku: 1 klst.

Kennsluaðferðir og skipulag:

Leitast er við að hafa kennsluaðferðir sem fjölbreyttastar, þ.e. sjálfstæða vinnu nemenda, innlagnir frá kennara, umræður, hópavinnu, einstaklingsvinnu og framsögn. Unnið er samkvæmt aðferðum leiðsagnarmats sem þýðir að nemandinn fær með reglulegum og skipulegum hætti upplýsingar um hvernig hann er staddur í náminu. Áhersla er lögð á mikilvægi þess að nemandi ber ábyrgð á sínu eigin námi.

Grunnþættir menntunar

Grunnþáttur	Áhersluþættir grunnþátta menntunar
Læsi	Nemendur lesa bókina <i>Sólkerfið - Vísindalæsi #1</i> ásamt því að lesa, hlusta og túlka fjölbreytta texta innan greinasviðs náttúrugreina. Lögð er áhersla á að nemendur öðlist umhverfislæsi; læri að skilja, túlka og meta upplýsingar úr umhverfi sínu og tengja við eigið líf og samfélag. Þannig þroskast læsi í víðum skilningi, gagnrýnin hugsun og hæfni til að taka upplýstar ákvarðanir.
Sjálfbærni	Sjálfbærni er mikilvægur þáttur í kennslu náttúrugreina þar sem hún tengist beint skilningi nemenda á náttúru og umhverfi. Í kennslunni er lögð áhersla á að nemendur læri um vistkerfi, loftslagsbreytingar, orkunýtingu, grundvallar hringrásir í náttúrunni og áhrif mannlegra athafna á jörðina. Með þessu móti stuðlar náttúrugreinakennsla að aukinni meðvitund nemenda um mikilvægi sjálfbærrar þróunar og hvetur þá til aðgerða í þágu framtíðar.
Heilbrigði og velferð	Unnið er að því að auka meðvitund nemenda um tengsl mannsins og náttúru, sem og starfsemi líkamans, kynfræðslu- og kynheilbrigði, erfðir og sjúkdóma.
Lýðræði og mannréttindi	Lögð er áhersla á að nemendur séu með í ráðum þegar kemur að verkefnaskilum. Lögð er áhersla á að nemendur nýti styrkleika sína og þær leiðir sem henta hverju sinni.
Jafnrétti	Lögð er áhersla á að nemendur hafi jöfn tækifæri til náms og nálgun viðfangsefni á eigin forsendum.
Sköpun	Að hvetja nemendur til sköpunar með fjölbreyttum verkefnum sem meðal annars reyna á verklegan þátt menntunar.

*Kennsluáætlunin er birt með fyrirvara um breytingar.

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið/ markmið	Námsmat
Plöntu- og dýralíffræði	Efni kennara ásamt eftirfarandi námsbókum: - Náttúrulega 2 - Náttúrulega 3 - Lífheimurinn - Maður og náttúra	- útskýrt þarfir lífvera - gert grein fyrir tengslum sínum við aðrar lífverur og eigin athugunum á hegðun þeirra, - útskýrt einkenni og lífsskilyrði lífvera og flokkun þeirra eftir skyldleika, - útskýrt gerð frumna, líffæri þeirra og starfsemi, - gert grein fyrir fjölbreytileika plantna, starfsemi mismunandi plöntuhópa og mikilvægi þeirra fyrir kolefnisbindingu, - gert grein fyrir fjölbreytileika dýra og mismunandi einkennum,	Lögð er áhersla á fjölbreytt námsmat sem styður við nám og hæfni nemenda á mismunandi hátt. Notast verður við samþættingu leiðsagnar- og lokamats. Námsmatið tekur mið af ólíkum námsaðferðum nemenda og felur í sér munnleg verkefni, skrifleg svör og skapandi verkefni. Markmiðið er að veita nemendum skýra endurgjöf, efla sjálfstæði þeirra og gera þeim kleift að átta sig á eigin námi og framförum. Námsmatið er þannig hluti af kennsluferlinu og styður við hæfniviðmið aðalnsmskrár.
Þróun lífs	Efni kennara ásamt eftirfarandi námsbókum: - Náttúrulega 2 - Náttúrulega 3	- fjallað um þróun lífvera og tekið dæmi um hvernig lífverur hafa aðlagast umhverfi sínu,	
Sveppir, bakteríur og veirur	Efni kennara ásamt eftirfarandi námsbókum: - Náttúrulega 2 - Náttúrulega 3	- þekkt gagn og skaðsemi örvera, - gert grein fyrir fjölbreytileika sveppa, starfsemi mismunandi tegunda og hvernig þeir taka þátt í samskiptum milli plantna,	
Alheimurinn	Efni kennara ásamt eftirfarandi námsbókum: - Náttúrulega 2 - Náttúrulega 3 - Sólkerfið - Vísindalæsi #1	- gert grein fyrir stöðu og hreyfingu jarðar og áhrifum hennar á líf á jörðu, - gert grein fyrir áhrifum tunglsins á jörðina, - þekkt eiginleika sólkerfisins og gert grein fyrir myndun, stöðu og hreyfingu sólkerfa, - gert grein fyrir myndun og þróun stjarna.	